



Minnisblað

Viðtakandi Fjárlaganefnd

Dagsetning

6. mars 2024

Sendandi Háskóla-, iðnaðar-, og
nýsköpunarráðherra

Málsnúmer

HVIN24030033

Efni: Árangurstengda fjármögnun háskóla

Markmið Árangurstengdrar fjármögnunar háskóla er að auka árangur íslenskra háskóla með breyttum hvötum frá fyrra líkani, sem og að auka gagnsæi í anda laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Í nýju fjármögnunarlíkani eru áherslurnar tengdar gæðum náms og rannsókna. Fjármagni er dreift með tilliti til árangurs háskólanna við að styðja nemendur sína í gegnum nám, árangri af styrkjasókn í erlenda samkeppnissjóði og birtingu rannsókna.

Helstu breytingar frá núverandi (eldra) fjármögnunarlíkani eru eftirfarandi:

- Aukin áhersla á brautskráningar nemenda
- Reikniflokkum fækkað úr fimmtán í fjóra
- Mælikvarðar um loknar einingar í stað þreyttra eininga
- Nýir mælikvarðar fyrir mat á rannsóknvirkni
- Samfélagslegt hlutverk háskóla betur skilgreint
- Stefnumótandi framlög sett fram á skýrari máta
- Gagnsæi aukið og skýrir hvatar settir fram

Eftirfarandi tafla lýsir nýju fjármögnunarlíkani eins og það birtist í drögum í Samráðsgátt í október 2023 og gert er ráð fyrir að gefa út í formi reglna, vorið 2024. Fyrir frekari skýringar á einstökum liðum er bent á greinargerð um fjármögnunarlíkanið sem birt hefur verið í samráðsgátt.

Kennsluhluti (60%)	Loknar einingar (42%) Dreifist í samræmi við fjölda eininga sem lokið er í hverjum skóla fyrir sig. Hver eining námsleiðarinnar er margfölduð með þeim stuðli sem viðeigandi reikniflokkur hefur.
	Brautskráningar (18%) Dreifist í samræmi við fjölda brautskráninga í hverjum skóla, að teknu tilliti til hvers konar brautskráningu er um að ræða (t.d. vega meistarágráður meira en grunnnámsgráður).
Rannsóknir (15%)	Birtingatölfræði (8,25%) Dreifist m.t.t. fjölda birtinga, fjölda tilvísana í þær birtingar, fjölda birtinga í opnum aðgangi, fjölda birtinga sem gerðar eru í alþjóðlegu samstarfi, fjölda birtinga sem ná efstu 10% og 1% ritryndra greina á sínu fræðisviði og fjölda birtinga í tímaritum sem hafa áhrifastuðul hærra en 90% birtinga á ári birtingarinnar.



Minnisblað

	Brautskráningar doktorsnema (2,25%)
	Erlendir styrkir (4,5%) Dreifist eftir fjárhæðum erlendra rannsóknarstyrkja sem skólarnir afla sér. Nánar tiltekið Erasmus+, Horizon og Háskólanets-styrki. Til stendur að fjölga þeim styrkjum sem tekið verður tillit til.
Samfélagslegt hlutverk (25%)	Kennsluauki (5%) Dreifist í samræmi við fjölda skráðra nemenda.
	Rannsóknarauki (5%) Dreifist í sama hlutfalli og kennslu- og rannsóknarhluti eftir skerðingu.
	Efling byggða (3%) Í samræmi við velsældaráherslur ríkisstjórnarinnar og byggðasjónamið um að menntun verði gert hátt undir höfði í öllum landshlutum verður fjármagni sérstaklega úthlutað til háskóla sem halda úti staðnámi á landsbyggðinni með gagnsærri hætti en áður.
	Innleiðing (6,2%) Innleiðingunni er ætlað að tryggja stöðugleika í rekstri háskólanna og koma í veg fyrir skyndilegar sveiflur í opinberum framlögum. Tryggt verður að háskólarnir fái framlög sambærileg fjárlögum 2023, m.t.t. niðurfellingu COVID-framlaga og aðhaldskrafna sem gerðar eru í fjárlagafrumvarpi 2024. Dregið verður úr þessum lið eftir því sem háskólarnir aðlagast nýju kerfi.
	Sókn háskóla (5,8%) Þessi hluti fjármögnunar er til frekari eflingar samfélagslegs hlutverks háskóla og verður útfærður í samtali við skólana. Lagt er upp með að dreifa þessu fjármagni fyrst um sinn á grundvelli hlutdeildar háskólanna í kennslu og rannsóknarhluta líkansins.

Samanburður við núverandi (eldra) fjármögnunarlíkan

Núverandi fjármögnunarlíkan skiptist í *kennsluhluta* og *rannsóknir og annað*.

Kennsluhluti

Kennsluhlutinn inniheldur breyturnar *nemendafjölda*, *þreyttar einingar* og *brautskráningar*. Breyturnar *nemendafjöldi* og *þreyttar einingar* innihalda hvata með áherslu á magn en sú síðarnefnda tekur til þeirra eininga sem nemandi gengur til prófs í, óháð því hvort hann standist námskröfur eða ekki. Þessi breyta hefur verið skilgreind með of óljósum hætti, jafnvel með mismunandi hætti milli stofnanna, og er ekki notuð í nágrannalöndunum. Framlög úr *kennsluhluta* núverandi líkans reiknast sem „summa ársverka nemenda hvers reikniflokks margfaldað með verðgildi hvers reikniflokks“ og „fjölda brautskráninga eftir tegund brautskráningar margfaldað með verðgildi hvers útskriftarflokks“ þar sem diplómur, grunngráður og meistarágráður hafa mismunandi verðgildi.

Frá þessu er horfið í Árangurstengdri fjármögnun. Notast er við *lokna einingar*, þ.e. einingar sem nemendur ljúka. Sú breyta er vel skilgreind og leikur ekki vafi á því hvenær einingu telst lokið líkt og vafi leikur á um hvenær eining teljist þreytt. Með því að auka vægi brautskráninga í nýja líkaninu eykst einnig



Minnisblað

hvatinn fyrir skólana að styðja nemendur sína alla leið í gegnum námið.

Í nýju fjármögnunarlíkani er ekki greitt krónutöluframlag með hverjum ársnema skv. verðgildi reikniflokks, heldur er fyrir fram skilgreint hversu stórum hluta heildarfjármagns til úthlutunar til háskóla skuli dreift á grundvelli lokinna eininga. Það er gert með því að margfalda hvern ársnema námsgreinar með samsvarandi stuðli og fjármagni síðan dreift á heildarhlutdeild hvers skóla.

Rannsóknir og annað

Rannsóknir og annað er ætlað að standa undir kostnaði af rannsóknarstarfsemi og öðru sem ekki viðkemur kennslu. Þrjátíu prósent fjárframlaga fara í gegnum þann lið núna en skipting framlaga í þessum flokki helgast af matskenndum þáttum; eins og byggðasjónarmiðum og stuðningi við fámennar greinar. Ekki liggja fyrir reglur eða forsendur að baki útreikningi þess hluta fjárframlaga til háskóla, enda er það að miklu leyti byggt á sögulegum forsendum og ákvörðunum sem teknar hafa verið fyrir löngu í tíð fyrra ráðuneytis. Í Grænbók um fjárveitingar til háskóla frá 2019 er bent á að þessi framlög byggi ekki á reiknilíkani, frammistöðu í rannsóknum eða öðrum viðfangsefnum og að þeim sé hlutfallslega ójafnt dreift á háskólana. Þá hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á að gagnsæi og yfirsýn skorti á rannsóknarframlögum til háskóla og nýtingu þeirra.

Í nýju fjármögnunarlíkani eru settir fram vel skilgreindir mælikvarðar um rannsóknir og háskólunum gert kleift að sækja fram og auka fjárveitingar til sín með árangri við erlenda styrkjasókn, birtingu greina og útskriftar á doktorsnemum.

Samfélagslegt hlutverk

Í nýja reiknilíkaninu eru jafnframt skilgreind framlög vegna *samfélagslegs hlutverks*, en hlutverk háskóla snýr ekki síður að samfélaginu en stúdentum og rannsakendum. Samfélagslegum hluta reiknilíkansins er ætlað að skapa jákvæða hvata til viðbótar hina mælanlegu þætti í háskólastarfi. Í honum má t.a.m. finna svokallað innleiðingarframlag, sem tryggir að enginn háskóli komi verr út en í fjárlögum 2023 - að teknu tilliti til nemendafjölgunar frá árinu 2019 (fyrir heimsfaraldur). Þetta framlag er nauðsynlegt til að skólarnir fái svigrúm til þess að laga sig að breyttu fjármögnunarlíkani og nýjum hvötum í kennslu- og rannsóknarhluta þess. Þessi framlög verða síðan metin og endurskoðuð á meðan innleiðingarferlið stendur yfir, en með tímanum munu þau færast undir sókn í þágu háskóla og samfélags og aðra liði sem vilji er til að falli undir *samfélagslegt hlutverk*.

Full fjármögnun Listaháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst

Í nýju fjármögnunarlíkani eru framlög til sjálfstætt starfandi skóla sem innheimta skólagjöld skert um 25% og fjármagninu sem dregið er af þeim síðan endurdreift hlutfallslega til allra skóla. Í núverandi (gamla)



Minnisblað

reiknilíkaninu var framlag til sjálfstætt starfandi skóla skert með ógagnsæjum hætti, samanborið við opinberu háskólana, sem endurspeglast m.a. í mun lægra framlagi í *rannsóknir og annað*.

Núna hefur skerðingin verið dregin upp á yfirborðið og háskólunum verið gefið tækifæri til þess að fá 100% reiknaðs framlags skv. árangurstengdri fjármögnun gegn því að afnema skólagjöld. Í staðinn undirgangast þeir skilmála um að innheimta aðeins skrásetningargjöld með sambærilegum hætti og opinberir háskólar. Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa þekkt boðið en Háskólinn í Reykjavík hefur ekki þegið boðið. Af því leiðir að HR fær ekki fullt framlag skv. reiknilíkani, heldur verður framlag ríkisins 75% af fullu framlagi skv. reiknilíkani að viðbættum þeim tekjum sem skólinn hefur af skólagjöldum.

Á árinu 2024 eru aukin framlög til Listaháskólans (207,7 m.kr.) og Bifrastar (162,6 m.kr.) fjármögnuð með framlögum af safnlið háskóla og rúmast því innan fjárheimilda ársins. Aukin framlög nema helmingi þeirrar skerðingar sem skólarnir urðu fyrir, þar sem aðeins hálf táklaár (haustmisserið) er án skólagjalda árið 2024. Á árinu 2025 kemur inn 1 ma.kr. aukning til háskólastigsins skv. gildandi fjármálaáætlun 2024 – 2028. Í vinnu við fjármálaáætlun 2025-2029 hafa verið færð rök fyrir frekari aukningu fjárframlaga á tímabili áætlunarinnar. Í því samhengi má nefna að íslenska háskólastigið er enn undirfjármagnað í norrænum samanburði, en alls þyrfti að auka framlög til háskólastigsins um 19 milljarða til að ná meðaltali annarra Norðurlanda.

Samanburður fjárframlaga 2023 - 2025

Á töflunum hér að neðan má sjá samanburð á framlögum ríkisins til háskóla árin 2023-2025 á verðlagi ársins 2024. Við framlag 2024 er búið að bæta fyrrgreindu auknu framlagi til Listaháskólans og Bifrastar vegna niðurfellingar skólagjalda. Minni aukning til Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskólans skýrist af nemendafækkun, en t.a.m. var nám garðyrkjuskólans fært frá Landbúnaðarháskólanum yfir til Fjölbrautarskóla Suðurlands árið 2023. Sá fyrirvari er settur á áætlaðar fjárveitingar 2025 að byggt er á sömu forsendum og við útreikning fjárveitinga 2024. Staðfestar tölur munu liggja fyrir í vor en lokaútgáfa nýrra reglna um fjárframlög til háskóla hefur ekki verið gefin út og mun taka einhverjum breytingum.

Framlög til háskóla á verðlagi ársins 2024

	2023	2024	2025	Breyting 2024-2025
17-201 Háskóli Íslands	23.910,4	24.513,8	24.637,2	123,4
17-210 Háskólinn á Akureyri	3.780,6	4.061,6	4.110,9	49,3
17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	1.293,3	1.281,6	1.289,0	7,4
17-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	627,6	612,8	613,8	1,0
17-225 Háskólinn á Bifröst	734,0	913,0	976,3	63,3
17-227 Háskólinn í Reykjavík	4.832,8	5.101,8	5.165,1	63,3
17-228 Listaháskóli Íslands	1.775,8	2.201,2	2.523,2	322,0
Alls:	36.954,5	38.685,8	39.315,5	629,7



Framlög á verðlagi ársins 2024

Ár	Hluti framlags:	17-201	17-210	17-216	17-217	17-225	17-227	17-228	Alls:	
		Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Landbúnaðarháskóli Íslands	Háskólinn á Hólum	Háskólinn á Bifröst	Háskólinn í Reykjavík	Listaháskóli Íslands		
Fyrri fyrirkomulag 2023	Framlög	14.785,5	2.446,0	917,6	368,8	634,9	4.081,5	1.328,4	24.562,7	
	Rannsóknir & Annað:	7.894,2	1.170,4	336,7	236,5	71,8	571,3	384,1	10.665,0	
	Fjárlög 2023:	22.679,7	3.616,4	1.254,3	605,3	706,7	4.652,8	1.712,5	35.227,7	
	Verðlagsbætur og sért. breyting	1.230,7	164,2	39,0	22,3	27,3	180,0	63,3	1.726,8	
	Alls framlög 2023	23.910,4	3.780,6	1.293,3	627,6	734,0	4.832,8	1.775,8	36.954,5	
	<i>Hlutfall:</i>	64,7%	10,2%	3,5%	1,7%	2,0%	13,1%	4,8%		
Árangrslengd fjármögnun 2024	Framlög	13.808,0	2.325,0	441,7	255,5	530,5	2.844,1	1.189,2	21.394,0	
	Rannsóknahluti:	4.077,2	219,9	157,3	55,1	35,4	797,5	81,7	5.424,0	
	Samfélagslegt hlutverk:	4.912,2	1.266,3	591,2	256,8	139,6	1.157,7	615,4	8.939,3	
	Samtals fjármögnunarlíkan:	22.797,4	3.811,2	1.190,3	567,4	705,6	4.799,2	1.886,3	35.757,3	
	Launa- og verðlagsbætur:	1.716,4	250,4	91,4	45,4	44,8	302,6	107,2	2.558,2	
	Fjárlög 2024:	24.513,8	4.061,6	1.281,7	612,8	750,4	5.101,8	1.993,5	38.315,5	
	Viðbót v. niðurfellingar skólagjalda:					162,6			370,3	
	Alls á verðlagi ársins 2024	24.513,8	4.061,6	1.281,7	612,8	913,0	5.101,8	2.201,2	38.685,8	
		<i>Hlutfall:</i>	63,4%	10,5%	3,3%	1,6%	2,4%	13,2%	5,7%	
	Áætluð framlög 2025*	Kennsluhluti:	14.843,2	2.499,3	474,9	274,6	760,4	3.057,3	1.704,4	23.614,1
Rannsóknahluti:	4.382,8	236,4	169,1	59,2	50,7	857,3	117,1	5.872,5		
Samfélagslegt hlutverk:	5.411,3	1.375,2	645,1	279,9	165,1	1.250,5	701,7	9.828,9		
Áætlað framlag 2025:	24.637,2	4.110,9	1.289,0	613,8	976,3	5.165,1	2.523,2	39.315,5		
	<i>Hlutfall:</i>	62,7%	10,5%	3,3%	1,6%	2,5%	13,1%	6,4%		

*Áætlun fyrir 2025. Forsendur um kennslu- og rannsóknahluta byggja á sömu gögnum og framlag 2024. Samfélagslegt hlutverk er fryst milli ára.



Framlög á verðlagi ársins 2024

Ár		17-201	17-210	17-216	17-217	17-225	17-227	17-228	
		Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Landbúnaðarháskóli Íslands	Háskólinn á Hólum	Háskólinn á Bifröst	Háskólinn í Reykjavík	Listaháskóli Íslands	Alls:
Fyrir- komulag	Framlög 2023								
	Fjárlög 2023	22.679,7	3.616,4	1.254,3	605,3	706,7	4.652,8	1.712,5	35.227,7
	Verðlagsbætur og sért. breyting	1.230,7	164,2	39,0	22,3	27,3	180,0	63,3	1.726,8
	Alls framlög 2023	23.910,4	3.780,6	1.293,3	627,6	734,0	4.832,8	1.775,8	36.954,5
Árangrængd fjármögnun	Framlög 2024								
	1. umr. Aðhald í starfsemi	-158,0	-21,3	-11,2	-4,7	-3,5	-23,3	-8,6	-230,6
	1. umr. Launa- og verðlagsbætur fjmrn.	1.556,0	243,4	88,2	44,1	43,4	292,8	103,6	2.371,5
	1. umr. Niðurfellt	-927,8	-139,6	-151,7	-52,2	-58,0	-87,7	-78,7	-1.495,7
	1. umr. Sértaekar aðhaldsráðstafanir	-172,4	-22,1	-10,7	-4,9	-3,2	-22,7	-8,1	-244,1
	2. umr. Launa- og verðlagsbætur fjmrn.	42,9	7,0	3,2	1,3	1,4	9,8	3,6	69,2
	2. umr. Útfærsla fyrir fylgirit á auknu fjárm.	1.375,9	377,8	109,5	23,9	63,6	280,1	269,2	2.500,0
	3. umr. Breyttar forsendur	117,5							117,5
	Verðlagsbætur og sért. breyting þegar fært á 2023	-1.230,7	-164,2	-39,0	-22,3	-27,3	-180,0	-63,3	-1.726,8
	Fjárlög 2024	24.513,8	4.061,6	1.281,6	612,8	750,4	5.101,8	1.993,5	38.315,5
	Viðb. af safnlið 2024 v. niðurf. skólagj. 50%					162,6		207,7	370,3
	Alls framlög 2024	24.513,8	4.061,6	1.281,6	612,8	913,0	5.101,8	2.201,2	38.685,8
Framlög 2025									
Dreifing ÁF á upph. Fjárlög 2024	24.011,7	4.006,0	1.256,1	598,1	951,4	5.033,3	2.458,8	38.315,5	
Útfærsla á auknu framlagi	625,5	104,9	32,9	15,7	24,9	131,8	64,4	1.000,0	
Áætlað framlag 2025	24.637,2	4.110,9	1.289,0	613,8	976,3	5.165,1	2.523,2	39.315,5	
	<i>Munur milli 2023-2024</i>	<i>603,4</i>	<i>281,0</i>	<i>-11,7</i>	<i>-14,8</i>	<i>16,4</i>	<i>269,0</i>	<i>217,7</i>	<i>1.361,0</i>
	<i>Munur milli 2024-2025</i>	<i>123,4</i>	<i>49,3</i>	<i>7,4</i>	<i>1,0</i>	<i>63,3</i>	<i>63,3</i>	<i>322,0</i>	<i>629,7</i>



Rauntölur ársins 2023						Fjárlög ársins 2024				Áætluð fjárlög 2025			
Fjárframlög að viðbættum verðb., leiðr. sértekna ofl.						Safnliður				Aukning			
		þar af		hlutfall af		Aukning		Samtals		HVIN vegna		Aukning	
Fjárlög	Breytingar	Samtals	fjárfesting	brúttó útgj.	brúttó útgj.	til háskóla	fjárframlög	br 23-24	niðuf. skgj.	niðuf. skgj.	til háskóla	fjárframlög	br 24-25
Háskóli Íslands	22.679,7	1.230,7	23.910,4	931,0	2,9%	603,4	24.513,8	2,5%	0,0	0,0	123,4	24.637,2	0,5%
Háskólinn á Akureyri	3.616,4	164,2	3.780,6	41,4	1,0%	280,9	4.061,5	7,4%	0,0	0,0	49,4	4.110,9	1,2%
Landbúnaðarháskólinn	1.254,3	39,0	1.293,3	42,7	1,9%	-11,7	1.281,6	-0,9%	0,0	0,0	7,4	1.289,0	0,6%
Háskólinn á Hólum	605,3	22,3	627,6	20,5	2,1%	-14,8	612,8	-2,4%	0,0	0,0	1,0	613,8	0,2%
Háskólinn á Bifröst	706,7	27,3	734,0	0,0	0,0%	16,4	750,4	2,2%	162,6	162,6	225,9	976,3	30,1%
Háskólinn í Reykjavík	4.652,8	180,0	4.832,8	0,0	0,0%	269,0	5.101,8	5,6%	0,0	0,0	63,3	5.165,1	1,2%
Listaháskóli Íslands	1.712,5	63,3	1.775,8	0,0	0,0%	217,7	1.993,5	12,3%	207,7	207,7	529,7	2.523,2	26,6%
	35.227,7	1.726,8	36.954,5	1.035,6	2,2%	1.360,9	38.315,4	3,7%	370,3	370,3	1.000,1	39.315,5	2,6%

Skýring á aukningu 2024:

- 2.500,0 Fjármálaáætlun 24-28 hækkun
- 230,6 aðhald ríkisstjórnar
- 244,1 sértækt aðhald
- 1.495,7 niðurfelling covid framlaga
- 2.440,7 verðlagsbætur
- 117,5 framlag vegna leigu Eddu 3umr.
- 1.726,9 Breytingar bókaðar á árinu 2023

1.360,9



Fjöldi ársverka nemenda sem greitt er fyrir

	Skólaárið 2019-2020	Skólaárið 2020-2021	Skólaárið 2021-2022	Skólaárið 2022-2023	Skólaárið 2023-2024 <i>Áætlun</i>	Skólaárið 2024-2025 <i>Áætlun</i>
17-201 Háskóli Íslands	8.427	9.872	9.231	8.525	8.568	8.610
17-210 Háskólinn á Akureyri	1.498	1.684	1.616	1.627	1.659	1.692
17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands	184	244	243	218	229	233
17-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	143	160	129	109	114	119
17-225 Háskólinn á Bifröst	519	726	655	572	603	691
17-227 Háskólinn í Reykjavík	2.446	2.715	2.601	2.519	2.570	2.621
17-228 Listaháskóli Íslands	489	522	552	564	563	588
Samtals:	13.704	15.923	15.027	14.133	14.306	14.555